

Tómstundastarf – sumarið 2020

Ungmennafélagið Afturelding og Tómstundastarf Reykhólahrepps mun aftur verða í samstarfi í sumar með leikjanámskeið og íþróttæfingar í samfelldu starfi. Námskeiðið hefst þriðjudaginn 2. júní og lýkur fimmtudaginn 2. júlí.

Námskeiðin eru fyrir börn fædd 2008 - 2014.

Skipt er í 2 hópa, í eldri hóp 2008 - 2010 og 2011 - 2014 í yngri hóp.

- Leikjanámskeið verður á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.
- Íþróttæfingar verða á þriðjudögum og fimmtudögum.
- Fimleikaæfingar verða á miðvikudögum.

Hægt er að skrá börnin í áskrift að mat í mötuneyti ef áhugi er fyrir því, þó er gert ráð fyrir því innan tímaramma að börnin geti annað hvort hlaupið heim í mat eða komi með nesti með sér. Ef skrá á börn í áskrift á mat þarf að hafa samband við Jóhönnu fyrir föstudaginn 29. maí. Verð fyrir mötuneyti er það sama og er yfir vetrartímann í mötuneyti Reykhólahrepps.

Mæting er í íþróttahúsið þar sem við munum hafa aðstöðu.

Félagsmiðstöðvaropnun:

Vikulega mun félagsmiðstöðin hafa opnun í íþróttahúsi eða úti opnun fyrir unglinga, þessi opnun verður á þriðjudögum kl. 16:00-18:00.

Fimleikar fyrir leikskólabörn:

Á miðvikudögum fer fram samstarfsverkefni á milli leikskólans og tómstundastarfsins þar sem leikskólabörnum á rauðu og grænu deild er boðið upp á að koma á fimleikaæfingar. Starfsfólk leikskólans sér um að fylgja börnunum á æfingar og vera til taks fyrir þau ásamt starfsfólki tómstundastarfsins og fimleikajálfaranum. Ef börn sem ekki eru í leikskólanum hafa áhuga á að koma á æfingarnar eru þau velkomin í fylgd með foreldrum.

Reiðnámskeið:

Reiðnámskeið fer fram dagana 23.-25. júní og 30. júní – 2. júlí. Samtals 6 skipti. Reiðkennari er Sjöfn Sæmundsdóttir. Þeim verður skipt í litla hópa eftir reynslu en ekki eftir aldri. Hópaskipting verður auglýst þegar nær dregur. Tekið er við skráningum á reiðnámskeið til mánudagsins 15. júní.

Verð:

Leikjanámskeið og fimleikar: 1500 kr. vikan. 5000 kr. fyrir allar vikurnar.

Íþróttæfingar: 5000 kr.

Reiðnámskeið: 8000 kr.

Leikjanámskeið: Jóhanna og Sjöfn

Íþróttæfingar: Dís Ragnheiður

Fimleikar: Linnea

Reiðnámskeið: Sjöfn

Skráning hjá Jóhönnu email: johanna@reykholar.is fyrir 1. júní.